

AUGLÝSING

um deiliskipulag að Stóra-Núpi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Stóri-Núpur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, deiliskipulag bæjarþyrpingar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 1. júní 2003 deiliskipulag bæjarþyrpingar á kirkjustaðnum Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi hinum forna.

Markmið með deiliskipulaginu er að stækka kirkjugarðinn að Stóra-Núpi, samræma aðkomusvæðið og bílastæði fyrir bæjarhúsin, kirkju og kirkjugarð. Einnig að afmarka lóð fyrir hverja húseign og gera nýja byggingarreiti vegna væntanlegrar þróunar á staðnum. Skipulagsreiturrinn er 2,3 ha og nær til kirkju, kirkjugarðs og bæjarþyrpingar á báðum jarðarhlutum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. apríl 2005.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.